

Fundur 16.9.2024 Devi, frá Indónesíu, var uppi fyrir ca. 500,000 árum.

Komið þið sæl, góða kvöldið.

*Góða kvöldið.*

Ekki veit ég hvort samböndin verði mikið fleiri í kvöld, en er það mér mikið ánægjuefni að koma í sambandið og finn ég að orkan er sífellt að aukast á jörðinni ykkar og tíðnin orðin miklu hærri en hún var.

Höfum við beðið eftir því og vona ég að þið skynjið það ljós sem er í kringum okkur og hugur ykkar mun fyllast þá af kærleika til allra mannvera og lífvera og munduð þið lyftast yfir dægur þrasið og senda meiri orku til jarðarbúa sem ykkur eru samferða á þessari jörð.

Hef ég lengi fylgst með starfi ykkar og komust margir ættingjar mínir í sambandið til ykkar og fagna ég því mjög.

Og mikilvægt er að orkan verði meiri og fólk verði ekki með hömlur á henni, heldur hindri þau öfl sem vilja að þjóðirnar vígbúist áfram, en það verður að stöðva, og það verður. Þið verðið að afsaka að orkan er ekki samrímamleg ykkar orku og tíðnin er ekki samrímamleg ykkar tíðni, og það verða truflanir á talinu.

Ég var uppi fyrir löngu síðan á jörðinni, á ykkar jörð og hef ég gengið í gegnum margar jarðvistir og nú er ég ekki bundin af einni jarðvist, heldur tek ég þátt í þeim mörgum samtímis, og frá Indónesíu.

Devi heiti ég nú, gengdi ég öðru nafni þá, en frá Indónesíu, gengdi ég því einfalda starfi, að vera heimavinnandi og vorum við bændur og ræktuðum við korn og var það á menningarskeiði sem ekki hefur verið uppgötvað enn þá, af fornleifafræðingum ykkar.

En voru fyrirmyndir okkar hvítu Guðirnir og ættingjar ykkar sem reistu píramída þar sem nú eru jöklar og eru þeir allir hrundir og var þeim eytt.

Voru það fyrirmyndir okkar og kenndu þeir okkur að reisa byggingar sem sumar munu verða uppgötvaðar í landi okkar í tímans rás.

Er það meira en 500,000 ár síðan við vorum uppi og lifðum við hámenningar skeið, sem að vísu studdist ekki við mengandi jarðefnabruna heldur notuðum við kristalla og ýmsa tækni sem ég get ekki útskýrt hér, en menning okkar var rifin niður til grunna, enda komu geimverur sem vildu hafa áhrif og hafa enn áhrif á ykkar menningu.

Jörðin gengur nú í gegnum umbreytingaskeið og eru það helstefnu og lífstefnu öfl sem berjast og munu ykkar fornu Guðir hafa sigur ef að allt fer á hinn besta veg og vonum við að svo verði.

Er ég að vísu í mannlegri mynd, og minni ég nokkuð á, nokkuð dökk á húð eins og þegar ég var uppi á jörðinni, en hár mitt þó ljósara en áður og ýmis útlits einkenni hafa nokkuð breyst í tímans rás og ljómi nokkur sem af mér berst, sökum magnanar þeirrar sem okkar þjóð hefur náð.

Heiti ég Devi, kona af Indónesískum uppruna og vil ég gjarnan efla jörðina gömlu og ykkur, en verð ég nú að kveðja, þakka ég fyrir, hef ég margt að segja, en kemst það ekki í gegnum þetta samband að sinni.

Verið þið sæl.

*Vertu blessuð og takk fyrir komuna.*